
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2011-01
Fundartími:	Miðvikudagur 2. febrúar 2011 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Skipan raforkuhóps og skipulag starfsins. 3) Raforkunotkun ársins 2010. 4) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2010. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Ívar Þorsteinsson Pétur E. Þórðarson Gunnar Aðalsteinsson Ásgeir Sigtryggsson Sigurður Ágústsson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. SÁ og PEP sögðu að breyting á fundartíma hefði ekki komist til skila til þeirra.
- 2) ÍP sagðist mundu hætta störfum á Orkustofnun um mitt þetta ár og kæmi þá væntanlega nýr fulltrúi frá Orkustofnun inn í starfið. Íris sagðist vera komin í nýtt starf innan Landsnets en ekki kominn nýr starfsmaður í hennar fyrra starf. Það kæmi í ljós á næstunni hvort annar mundi kom í hennar stað í hópnum. Ákveðið var að senda aftur boð á þær dreifiveitur sem ekki eru í hópnum um að taka þátt í starfinu. SÁ benti á að hann sem fulltrúin Samorku væri óbeint fulltrúi þeirra veitna sem ekki ættu sæti í hópnum.

Rætt var um beiðni BD um annan fundartíma sem hentaði betur vegna flugs frá Akureyri. Ákveðið var að breyta fundartíma til 14:30 fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

- 3) JV fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2010. Hann sagði að villa hefði verið í mælingum á vinnslu Sigöldu og því hefðu tölur síðasta árs breyst nokkuð. Vinnsla í sumum virkjunum Landsvirkjunar liggur ekki fyrir og þarf að áætla hana. Það er gert út

frá innmötun inn á Landsnet og þá notuð sömu töp (með eigin notkun) og voru í fyrra. Umræða varð um mælingar á raforkuvinnslu og ætlar Ívar að rifja upp svör Landsvirkjunar við fyrirspurn hópsins og ræða á næsta fundi.

Raforkuvinnsla var 17.059 GWh árinu 2010 og jókst um 1,3% frá fyrra ári. Flutningstöp voru 330 GWh og stemma þau við tölur Landsnets en þau hafa minnkað um 7% á milli ára. Samkvæmt þessum tölum hefur almenn notkun minnkað um 1,0% og er lækkunin heldur minni eftir hitastigsleiðréttingu þar sem árið 2010 var heldur hlýrra en árið 2009. Stórnotkun hefur aukist um 2,2%. JV sagði að minnkun almennrar forgangsorku væri 0,6% og 0,1% eftir hitastigsleiðréttingu. Ótryggð orka minnkaði um 3,0%. GA sagði að meiri minnkun væri í notkun hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

- 4) JV fór yfir drög að fréttatilkynningu um raforkunotkun og sagði að ekki væri allt tilbúið svo sem gögn eftir landshlutum en fundarmenn vildu halda þeim þætti inni. Fréttatilkynningin er annars eins upp byggð og í fyrra. Samþykkt var að ganga frá fréttatilkynningunni og var JV var falið að gera það.
- 5) IB sagðist hafa sent beiðni á dreifiveiturnar um að senda inn raforkunotkun eftir notkunarflokkum. Notkunarflokkar eru komnir frá OR og OV. Búið er að keyra inn gögn um afl en eins og áður þarf að áætal vinnslu í mörgum virkjunum. IB benti einnig á að veruleg vinna færi í að fara yfir gögn og finna villur og minnka mætti þessa vinnu ef við fengjum tilkynningar frá Landsneti um allar breytingar og þegar villur væru í gögnum sem þeir vissum um eins og hefði komið í ljós með Sigöldu. ÁS sagði að þeir reyndu að takmarka eins og kostur væri vinnu við umsýslu með gögnin en þeir mundu reyna að láta vita af slíku.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:10. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 3. mars 2011.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Drög að fréttatilkynningu: „Raforkunotkun ársins 2010“.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á árinu 2010.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
IP	Fara yfir svör frá LV um mælingar
JV	Ganga frá fréttatilkynningu